



LÖGREGLUSKÓLI RÍKISINS

Krókhálsi 5b • 110 Reykjavík • Sími 577 2200 • Fax 577 2201

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/650
komudagur 19.12.2003

Reykjavík, 12. desember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skipulag og framkvæmd löggæslu, 136. mál

Með bréfi dags. 20. nóvember sl. barst Lögregluskóla ríkisins til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skipulag og framkvæmd löggæslu, 136. mál.

Eins og fram kemur í tillögunni, leggja flutningsmenn til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem skilgreini, meti og geri tillögur um skipulag og framkvæmd löggæslu í landinu og móti reglur um lágmarksþjónustu og lágmarksfjölda lögreglumanna í hverju umdæmi, með það að markmiði að ná fram hagræðingu, aukinni skilvirkni og samhæfingu innan lögreglunnar svo að tryggja megi aukna þjónustu við íbúana og öryggi þeirra. Þá fari nefndin einnig yfir menntunarmál lögreglumanna og geri tillögur til úrbóta ef þörf er á.

Lögregluskóli ríkisins telur þetta gott málefni að flestu leyti.

Hins vegar liggur nú fyrir að dómsmálaráðherra hefur skipað þriggja manna verkefnisstjórn til að semja tillögur um nýskipan lögreglumála þar sem markmiðið er annars vegar að styrkja og efla starfsemi lögreglu og bæta nýtingu fjármuna og hins vegar að móta löggæsluáætlun til næstu ára, þar sem kynnt er forgangsröðun við úrlausn verkefna og sett mælanleg markmið fyrir löggæsluna.

Í verklýsingu ráðherra til verkefnisstjórnar kemur fram að menntun lögreglu verði að vera í samræmi við markmið og kröfur á hverjum tíma. Þetta er mjög í anda hugmynda stjórnenda Lögregluskóla ríkisins og á fundum með ráðherranum og formanni verkefnisstjórnarinnar hefur komið fram að áhugi skólamanna á málinu verður virkjaður með einum eða öðrum hætti í verkefnavinnunni.

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram og þar sem málið er komið í ákveðinn farveg í ráðuneytinu tel ég ekki rétt að taka afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

Arhar Guðmundsson
skólastjóri